

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/214**

2022/EES/53/22

frá 17. febrúar 2022

**um breytingu á tilteknum viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar samþykki fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna tiltekinna skráðra sjúkdóma (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) <sup>(1)</sup>, einkum 31. gr. (3. mgr.), 36. gr. (4. mgr.) 37. gr. (a-liður 4. mgr.) og 42. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um sjúkdómsbundnar reglur um sjúkdómana sem skráðir eru í samræmi við 1. mgr. 5. gr. hennar og mælt fyrir um hvernig eigi að beita þessum reglum gagnvart mismunandi flokkum skráðra sjúkdóma. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er kveðið á um að aðildarríkin komi á fót skyldubundnum útrýmingaráætlunum fyrir skráðu sjúkdómana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. hennar, og valkvæðum útrýmingaráætlunum fyrir skráðu sjúkdómana, sem um getur í c-lið 1. mgr. 9. gr. hennar, og um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir slíkum áætlunum. Í þeirri reglugerð er einnig kveðið á um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 <sup>(2)</sup> bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 og er þar mælt fyrir um viðmiðanir fyrir því að veita aðildarríkjum eða svæðum eða hólfum þeirra sjúkdómalaus stöðu, viðhalda henni eða afturkalla hana ásamt kröfum varðandi samþykki fyrir skyldubundnum eða valkvæðum útrýmingaráætlunum fyrir aðildarríki eða svæði eða hólfa þeirra.
- 3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um framkvæmdarreglur varðandi skráða sjúkdóma, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar sjúkdómalaus stöðu og bólusetningarlaus stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra, og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma. Nánar tiltekið eru aðildarríki eða svæði eða hólfa þeirra með sjúkdómalaus stöðu tilgreind í viðaukunum við þá reglugerð og þar eru einnig tilgreindar fyrirbyggjandi samþykktar skyldubundnar eða valkvæðar útrýmingaráætlanir. Breytilegar faraldsfræðilegar aðstæður varðandi tiltekna sjúkdóma valda því að skrá þarf ný sjúkdómalaus aðildarríki eða svæði eða hólfa þeirra, fella svæði þar sem uppkomur sjúkdóma hafa verið staðfestar eða þar sem skilyrðin fyrir að viðhalda sjúkdómalausri stöðu eru ekki lengur uppfyllt brott af skrá og samþykka tilteknar skyldubundnar eða valkvæðar útrýmingaráætlanir sem hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 18.2.2022, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 131, 16.4.2021, bls. 78).

- 4) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópu-sambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“), einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gildir reglugerð (EB) nr. 2016/429, sem og gerðir framkvæmdastjórnarinnar sem byggjast á henni, s.s. framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620, um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í útgöngusamningnum.
- 5) Að því er varðar sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*, sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* (*Mycobacterium bovis*, *M. caprae* og *M. tuberculosis*) (MTBC), sýkingu af völdum hundaæðisveiru, sýkingu af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum og sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerðir 1–24) hafa nokkur aðildarríki nýlega sótt um hjá framkvæmdastjórninni að fá sjúkdómalaus stöðu eða samþykki fyrir útrýmingaráætlunum fyrir allt yfirráðasvæði þeirra eða hluta af því.
- 6) Heppilegt er að skrá nautgripi og sauðfé og geitur aðskilið að því er varðar þessa sjúkdóma. Til samræmis við það verða mismunandi kaflar fyrir nautgripi og geitur og sauðfé í II. hluta I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, og til samræmis við það er nauðsynlegt að breyta einnig 2. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar þar sem vísað er í þennan viðauka.
- 7) Að því er varðar sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripum lagði Spánn upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í sýslunni Cáceres í sjálfstjórnarhéraðinu Extremadura. Af þessum sökum ætti að skrá þetta svæði sem svæði sem er laust við *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripum í I. hluta 1. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620.
- 8) Að því er varðar sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripum hafa Búlgaría, Grikkland, Ungverjaland, Ítalía og Portúgal lagt umsóknir um samþykki fyrir skyldubundnum útrýmingaráætlunum sínum fyrir framkvæmdastjórnina og að því er varðar sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í sauðfé og geitum hafa Búlgaría, Króatía, Grikkland, Ítalía og Portúgal lagt slíkar umsóknir fyrir framkvæmdastjórnina. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um samþykki fyrir útrýmingaráætlunum. Því ætti að skrá þau aðildarríki eða svæði þeirra sem falla undir þessar útrýmingaráætlanir í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem aðildarríki eða svæði með samþykta útrýmingaráætlun vegna þessara sjúkdóma í þessum dýrastofnum.
- 9) Að því er varðar sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* lagði Spánn upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis*, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í sjálfstjórnarhéraðinu País Vasco. Því ætti að skrá þetta sjálfstjórnarhérað sem svæði sem er laust við samsetningar *Mycobacterium tuberculosis* í I. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620.
- 10) Að því er varðar sýkingu af völdum samsetninga *Mycobacterium tuberculosis* lögðu Búlgaría, Króatía, Kýpur, Grikkland, Írland, Ítalía, Malta, Portúgal, Rúmenía, Spánn og Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland umsóknir um samþykki fyrir útrýmingaráætlunum sínum fyrir framkvæmdastjórnina. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um samþykki fyrir útrýmingaráætlunum. Því ætti að skrá þau aðildarríki eða svæði þeirra sem falla undir þessar útrýmingaráætlanir, sem og Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland, í II. hluta II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem aðildarríki eða svæði með samþykta útrýmingaráætlun vegna þessara sjúkdóma í þessum dýrastofnum.
- 11) Að því er varðar sýkingu af völdum hundaæðisveiru lagði Frakkland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í Frönsku Gvæjana. Því ætti að bæta Frönsku Gvæjana við yfirráðasvæði Frakklands sem þegar er skráð sem laust við hundaæðisveiru í I. hluta III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620.

- 12) Pólland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppkomur sýkingar af völdum hundaeðisveiru á nokkrum svæðum í Voivodship Mazowieckie og Voivodship Świętokrzyskie sem eru sem stendur skráð sem sjúkdómalaus svæði í I. hluta III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Því ætti að fella svæðin sem urðu fyrir áhrifum brott úr þeirri skrá og breyta ætti færslunni fyrir aðildarríkið í þeirri skrá til samræmis við það.
- 13) Að því er varðar sýkingu af völdum hundaeðisveiru lögðu Pólland og Rúmenía umsóknir um samþykki fyrir útrýmingaráætlunum sínum fyrir framkvæmdastjórnina. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um samþykki fyrir útrýmingaráætlunum. Því ætti að skrá þau aðildarríki eða svæði þeirra sem falla undir þessar útrýmingaráætlunir í II. hluta III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem aðildarríki eða svæði með samþykta útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum hundaeðisveiru.
- 14) Að því er varðar sýkingu af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum lögðu Austurríki, Finnland og Svíþjóð upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart sýkingu af völdum smitandi slímhúðarpestar í nautgripum, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt á öllu yfirráðasvæði þeirra. Auk þess lagði Þýskaland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart smitandi slímhúðarpest í nautgripum eru uppfyllt á tilteknum svæðum á yfirráðasvæði þess. Þýskaland lagði einnig umsóknir fyrir framkvæmdastjórnina um að fá samþykki fyrir útrýmingaráætlunum fyrir önnur svæði á yfirráðasvæði sínu. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu eða um samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna smitandi slímhúðarpestar í nautgripum, eftir því sem við á. Því ætti að skrá þessi aðildarríki eða svæði þeirra til samræmis við það í VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaus gagnvart smitandi slímhúðarpest í nautgripum eða með samþykta útrýmingaráætlun vegna smitandi slímhúðarpestar í nautgripum, eftir því sem við á.
- 15) Spánn hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppkomur sýkingar af völdum blátunguveiru af sermigerð 4 í sjálfstjórnarhéraðinu Castilla-La-Mancha sem hafði áhrif á landsvæðin Peñarroya-Pueblonuevo, Hinojosa del Duque (Pedroches II), Pozoblanco (Pedroches I), Villanueva de Córdoba (Pedroches III), Montoro (Alto del Guadalquivir), Andújar og Linares í sjálfstjórnarhéraðinu Andalucía. Uppkomurnar hafa einnig haft áhrif á landsvæðin Almadén, Almodóvar del Campo og Piedrabuena í sjálfstjórnarhéraðinu Castilla-La Mancha sem og í sýslunni Badajoz og á landsvæðunum Coria, Valencia de Alcántara, Cáderes og Trujillo y Logrosán (Zorita) í sjálfstjórnarhéraðinu Extremadura. Þessi landsvæði sem hafa orðið fyrir áhrifum, sem eru staðsett í sjálfstjórnarhéraðinu Andalucía, í sjálfstjórnarhéraðinu Extremadura og í sjálfstjórnarhéraðinu Castilla-La-Mancha, eftir því sem við á, eru sem stendur öll skráð sem sjúkdómalaus m.t.t. sýkingar af völdum blátunguveiru í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Afturkalla ætti sjúkdómalaus stöðu þessara landsvæða vegna sýkingar af völdum blátunguveiru og breyta ætti færslunni fyrir Spán í þeirri skrá til samræmis við það.
- 16) Auk þess hefur Portúgal tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppkomur sýkingar af völdum blátunguveiru af sermigerð 4 í héruðunum Castelo Branco og Setubal. Þar eð héruðin Castelo Branco og Setubal eru, sem hluti af Portúgal, staðsett á svæðum með sjúkdómalaus stöðu sem skráð eru í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 ætti að afturkalla sjúkdómalaus stöðu þeirra m.t.t. sýkingar af völdum blátunguveiru og breyta ætti færslunni fyrir Portúgal í þeirri skrá til samræmis við það.
- 17) Að því er varðar sýkingu af völdum blátunguveiru lagði Spánn enn fremur umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um samþykki fyrir valkvæðri útrýmingaráætlun. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessi umsókn uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689. Því ætti að skrá svæðin sem falla undir þessa útrýmingaráætlun í II. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem svæði með samþykta útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum blátunguveiru.
- 18) Að því er varðar lagardýrasjúkdóminn iðradrep (IHN) hefur Danmörk upplýst framkvæmdastjórnina um að skilyrðin fyrir því að viðhalda sjúkdómalausri stöðu fyrir allt yfirráðasvæði landsins séu ekki lengur uppfyllt. Danmörk er tilgreind í I. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Því ætti að fella færsluna fyrir Danmörku brott úr þeirri skrá.

- 19) Finnland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um nokkrar uppkomur iðradreps á Álandseyjum á svæði sem er skráð sem svæði með sjúkdómalausastöðu í XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620. Því ætti að afturkalla sjúkdómalausastöðu sýkta svæðisins og fella svæðið brott úr I. hluta þess viðauka og breyta færslunni fyrir það aðildarríki í þeirri skrá til samræmis við það.
- 20) Því ætti að breyta I., II., III., VII., VIII. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 til samræmis við það.
- 21) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykta skyldubundna útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripastofnum skulu skráð í 1. kafla II. hluta í I. viðauka.

4. Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykta skyldubundna útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í sauðfjár- og geitastofnum skulu skráð í 2. kafla I. hluta í I. viðauka.

- 2) Ákvæðum I., II., III. VII., VIII. og XIII. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III., VII., VIII. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Spán í 1. kafla I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yferráðasvæði
„Spánn	Allt yferráðasvæðið“

b) Í stað II. hluta kemur eftirfarandi:

## „II. HLUTI

**Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykka útrýmingaráætlun vegna *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis***

## 1. KAFLI

**Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykka útrýmingaráætlun vegna *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripastofnum**

Aðildarríki	Yferráðasvæði
Búlgaríá	Allt yferráðasvæðið
Grikkland	Allt yferráðasvæðið
Ungverjaland	Allt yferráðasvæðið
Ítalía	Regione Abruzzo: Provincia di L'Aquila, Teramo, Chieti Regione Basilicata Regione Calabria Regione Campania: Provincia di Caserta, Salerno Regione Molise: Provincia di Isernia Regione Puglia: Provincia di Foggia, Taranto Regione Sicilia
Portúgal	Região Autónoma dos Açores: Ilha de São Miguel Região Madeira Distritos Beja, Braga, Braganca, Evora, Lisboa, Portalegre, Porto, Santarem, Setubal, Viana do Castelo, Vila Real“

## 2. KAFLI

**Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykka útrýmingaráætlun vegna *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í sauðfjár- og geitastofnum**

Aðildarríki	Yferráðasvæði
Búlgaríá	Allt yferráðasvæðið
Krótía	Allt yferráðasvæðið

Grikkland	Allt yfirráðasvæðið
Ítalía	Regione Basilicata Regione Calabria: Provincia di Crotone, Reggio Calabria, Vibo Valentina Regione Campania: Provincia di Caserta, Salerno, Avellino, Napoli Regione Puglia: Provincia di Foggia, Lecce Regione Sicilia
Portúgal	Região Madeira Distritos Aveiro, Beja, Braga, Braganca, Castelo Branco, Coimbra, Evora, Faro, Guarda, Leiria, Lisboa, Portalegre, Porto, Santarem, Setubal, Viana do Castelo, Vila Real, Viseu“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Spán í I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Spánn	Comunidad Autónoma de Canarias Comunidad Autónoma de Galicia Comunidad Autónoma del País Vasco Comunidad Autónoma del Principado de Asturias“

b) Í stað II. hluta kemur eftirfarandi:

„II. HLUTI

**Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykktu útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum samsetninga  
*Mycobacterium tuberculosis***

Aðildarríki (*)	Yfirráðasvæði
Búlgaríja	Allt yfirráðasvæðið
Króatía	Allt yfirráðasvæðið
Kýpur	Allt yfirráðasvæðið
Grikkland	Allt yfirráðasvæðið
Írland	Allt yfirráðasvæðið
Ítalía	Regione Abruzzo: Provincia di L’Aquila, Teramo, Chieti Regione Basilicata: Provincia di Potenza Regione Calabria Regione Campania Regione Lazio: Provincia di Latina, Roma Regione Marche: Provincia di Macerata Regione Puglia Regione Sardegna: Provincia di Sassari, Nuoro Regione Sicilia

Malta	Allt yfirláðasvæðið
Portúgal	Região Autónoma dos Açores: Ilha de São Miguel Região Autónoma da Madeira Distritos Aveiro, Beja, Braga, Bragança, Castelo Branco, Coimbra, Evora, Guarda, Leiria, Lisboa, Portalegre, Porto, Santarem, Setubal, Viana do Castelo, Vila Real, Viseu
Rúmenía	Allt yfirláðasvæðið
Spánn	Comunidad Autónoma de Andalucía Comunidad Autónoma de Aragón Comunidad Autónoma de Islas Baleares Comunidad Autónoma de Cantabria Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha Comunidad Autónoma de Castilla y León Comunidad Autónoma de Cataluña Comunidad Autónoma de Extremadura Comunidad Autónoma de La Rioja Comunidad Autónoma de Madrid Comunidad Autónoma de Murcia Comunidad Autónoma de Navarra, Comunidad Autónoma de Valencia
Breska konungsríkið (Norður-Írland)	Norður-Írland

(\*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland“

3) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir Frakkland kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirláðasvæði
„Frakkland	Allt yfirláðasvæðið“

ii. Í stað færslunnar fyrir Pólland kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirláðasvæði
„Pólland	Voivodship Dolnośląskie: öll powiaty Voivodship Kujawsko-pomorskie: öll powiaty Voivodship Lubelskie eftirfarandi powiaty: m. Lublin, Łęczyński, Parczewski, Radzyński, Świdnicki Voivodship Lubuskie: öll powiaty Voivodship Podlaskie eftirfarandi powiaty: Bełchatowski, Brzeziński, Kutnowski, Łaski, Łęczycki, Łowicki, Łódzki Wschodni, m. Łódź, Pabianicki, Pajęczański, Piotrkowski, m. Piotrków Trybunalski, Poddębicki, Radomszczański, Rawski, Sieradzki, Skierniewicki, m. Skierniewice, Tomaszowski, Wieluński, Wieruszowski, Zduńskowolski, Zgierski

	<p>Voivodship Małopolskie: öll powiaty</p> <p>Voivodship Mazowieckie eftirfarandi powiaty: Ciechanowski, Gostyniński, Makowski, Mławski, Ostrołęcki, m. Ostrołęka, Płocki, m. Płock, Przasnyski, Sierpecki, Żuromiński</p> <p>Voivodship Opolskie: öll powiaty</p> <p>Voivodship Podlaskie: öll powiaty</p> <p>Voivodship Pomorskie: öll powiaty</p> <p>Voivodship Śląskie: öll powiaty</p> <p>Voivodship Świętokrzyskie eftirfarandi powiaty: Buski, Kazimierski, Pińczowski, Włoszczowski</p> <p>Voivodship Warmińsko-mazurskie: öll powiaty</p> <p>Voivodship Wielkopolskie: öll powiaty</p> <p>Voivodship Zachodniopomorskie: öll powiaty“</p>
--	--

iii. Í stað færslunnar fyrir Spán kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Spánn	Allt yfirráðasvæðið“

b) Í stað II. hluta kemur eftirfarandi:

„II. HLUTI

**Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykktu útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum hundaeðisveiru**

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
Pólland	<p>Voivodship Lubelskie eftirfarandi powiaty: Bialski, m. Biała Podlaska, Biłgorajski, Chełmski, m. Chełm, Hrubieszowski, Janowski, Krasnostawski, Kraśnicki, Lubartowski, Lubelski, Łukowski, Opolski, Puławski, Rycki, Tomaszowski, Włodawski, Zamojski, m. Zamość</p> <p>Voivodship Podlaskie eftirfarandi powiaty: Opoczyński</p> <p>Voivodship Mazowieckie eftirfarandi powiaty: Białobrzegi, Garwoliński, Grodziski, Grójecki, Koziński, Legionowski, Lipski, Łosicki, Miński, Nowodworski, Ostrowski, Otwocki, Piaseczyński, Płoński, Pruszkowski, Przysuski, Pułtowski, Radomski, m. Radom, Siedlecki, m. Siedlce, Sochaczewski, Sokołowski, Szydłowiecki, m.st. Warszawa, Warszawski Zachodni, Węgrowski, Wołomiński, Wyszowski, Zwoleński, Żyrardowski</p> <p>Voivodship Podkarpackie</p> <p>Voivodship Świętokrzyskie eftirfarandi powiaty: Jędrzejowski, Kielecki, m. Kielce, Konecki, Opatowski, Ostrowiecki, Sandomierski, Skarżyski, Starachowicki, Staszowski</p>
Rúmenía	Allt yfirráðasvæðið“



4) Í stað I. og II. hluta í VII. viðauka kemur eftirfarandi:

„I. HLUTI

**Aðildarríki eða svæði þeirra með sjúkdómslausa stöðu gagnvart smitandi slímhúðarpest í nautgripum**

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
Austurríki	Allt yfirráðasvæðið
Finnland	Allt yfirráðasvæðið
Þýskaland	<p>Bundesland Baden-Württemberg: Regierungsbezirk Stuttgart, Karlsruhe, Freiburg</p> <p>Eftirfarandi Landkreise í Regierungsbezirk Tübingen: Alb-Donau-Kreis, Biberach, Bodenseekreis, Reutlingen, Sigmaringen, Tübingen, Zollernalbkreis, Stadtkreis Ulm.</p> <p>Bundesland Bayern: Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Oberbayern: Ingolstadt, Stadt München, Stadt Rosenheim, Altötting, Berchtesgadener Land, Bad Tölz-Wolfratshausen, Ebersberg, Eichstätt, Freising, Fürstentumfeldbruck, Garmisch-Partenkirchen, Landsberg am Lech, Miesbach, Mühldorf am Inn, Lkr. München, Neuburg-Schrobenhausen, Pfaffenhofen an der Ilm, Lkr. Rosenheim, Starnberg, Traunstein</p> <p>Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Niederbayern: Stadt Landshut, Stadt Passau, Stadt Straubing, Freyung-Grafenau, Kelheim, Lkr. Landshut, Lkr. Passau, Regen, Rottal-Inn</p> <p>Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Oberpfalz: Stadt Amberg, Stadt Regensburg, Weiden in der Oberpfalz, Lkr. Amberg-Sulzbach, Cham, Neumarkt in der Oberpfalz, Neustadt an der Waldnaab, Lkr. Regensburg, Schwandorf, Tirschenreuth</p> <p>Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Oberfranken: Stadt Bamberg, Stadt Bayreuth, Stadt Coburg, Stadt Hof, Lkr. Bamberg, Lkr. Bayreuth, Lkr. Coburg, Forchheim, Lkr. Hof, Kronach, Kulmbach, Lichtenfels, Wunsiedel im Fichtelgebirge</p> <p>Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Mittelfranken: Stadt Ansbach, Stadt Erlangen, Stadt Fürth, Nürnberg, Schwabach, Lkr. Ansbach, Lkr. Erlangen-Höchstadt, Lkr. Fürth, Nürnberger Land, Neustadt an der Aisch-Bad Windsheim, Roth, Weißenburg-Gunzenhausen</p> <p>Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Unterfranken: Stadt Aschaffenburg, Stadt Schweinfurt, Stadt Würzburg, Lkr. Aschaffenburg, Bad Kissingen, Röhn-Grabfeld, Haßberge, Kitzingen, Miltenberg, Main-Spessart, Lkr. Schweinfurt, Lkr. Würzburg</p> <p>Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Schwaben: Stadt Augsburg, Kaufbeuren, Kempten im Allgäu, Memmingen, Aichach-Friedberg, Dillingen an der Donau, Neu-Ulm, Lindau, Unterallgäu, Donau-Ries</p> <p>Bundesland Brandenburg</p> <p>Bundesland Bremen</p> <p>Bundesland Hamburg</p> <p>Bundesland Hessen:</p>

	Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Kassel: Werra-Meißner, Lkr. Kassel, Stadt Kassel, Waldeck-Frankenberg, Schwalm-Eder-Kreis, Hersfeld-Rotenburg Regierungsbezirk Darmstadt Regierungsbezirk Gießen Bundesland Mecklenburg-Vorpommern Bundesland Rheinland-Pfalz Bundesland Saarland Bundesland Sachsen Bundesland Sachsen-Anhalt Bundesland Thüringen
Svíþjóð	Allt yfirráðasvæðið

## II. HLUTI

**Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykktu útrýmingaráætlun vegna smitandi slímhúðarpestar í nautgripum**

Aðildarríki	Yfirráðasvæði	Dagsetning upphaflegs samþykkis eins og um getur í 2. lið 15. gr. framselddrar reglugerðar (ESB) 2020/689
Þýskaland	Bundesland Baden-Württemberg: Landkreis Ravensburg in Regierungsbezirk Tübingen Bundesland Bayern: Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Oberbayern: Dachau, Erding, Weilheim-Schongau Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Niederbayern: Deggendorf, Lkr. Straubing-Bogen, Dingolfing-Landau Eftirfarandi borgir og Landkreise í Regierungsbezirk Schwaben: Lkr. Augsburg, Günzburg, Ostallgäu, Oberallgäu Bundesland Berlin Bundesland Hessen: Landkreis Fulda í Regierungsbezirk Kassel Bundesland Niedersachsen Bundesland Nordrhein-Westfalen Bundesland Schleswig-Holstein	21. febrúar 2022“

5) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Færslunni fyrir Spán í I. hluta er breytt sem hér segir:

i. Færslurnar fyrir sýslurnar Córdoba og Jaén í sjálfstjórnarhéraðinu Andalucía falla brott.

ii. Í stað færslunnar fyrir „Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha“ kemur eftirfarandi:

„Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha, að undanskildum eftirfarandi landsvæðum í sýslunni Ciudad Real: Almadén, Almodóvar del Campo og Piedrabuena“.

iii. Færslan fyrir „Comunidad Autónoma de Extremadura“ fellur brott.

b) Í stað færslunnar fyrir Portúgal í I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirlýðing
„Portúgal	Allt yfirlýðing, að undanskildum distritos Beja, Castelo Branco, Evora, Faro, Portalegre, Santarem, Setubal“

c) Í stað II. hluta kemur eftirfarandi:

„II. HLUTI

**Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykktu útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum blátunguveiru**

Aðildarríki	Yfirlýðing	Dagsetning upphaflegs samþykkis eins og um getur í 2. lið 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689
Spánn	<p>Comunidad Autónoma de Andalucía: Sýslurnar Cádiz, Córdoba, Huelva, Jáchén, Málaga, Sevilla Sýslan Granada: Motril (Costa de Granada) Comunidad Autónoma de Aragón: Sýslan Huesca: landsvæðin Boltaña, Jaca, Sabiñánigo eftirfarandi sveitarfélag á landsvæði Ayerbe: Las Peñas de Riglos eftirfarandi sveitarfélög á landsvæðinu Huesca: Arguis, Casbas de Huesca, Ibieca, Igríes, Loporzano, Nuevo og Siétamo, eftirfarandi sveitarfélög á landsvæðinu Barbastro: Abiego, Adahuesca, Alquézar, Bierge, Colungo og Naval eftirfarandi sveitarfélög á landsvæðinu Castejón de Sos: Castejón de Sos, Chía, Sahún, Seira, Sesué, Villanova eftirfarandi sveitarfélög á landsvæðinu Graus: Campo, Foradada, Valle de Bardají Sýslan Zaragoza: landsvæðið Jaca Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha: Sýslan Ciudad Real, eftirfarandi landsvæði: Almadén, Almodóvar del Campo og Piedrabuena Comunidad Autónoma de Extremadura Comunidad Autónoma de Islas Baleares Comunidad Autónoma de Navarra: landsvæðið Elizondo, Izurzun, Ochagavía, Pamplona, Santesteban eftirfarandi sveitarfélög á landsvæðinu Estella: Guesálaz, Lezaun, Valle de Yerri, Cirauqui, Mañeru, Artazu, Guirguillano, Salinas de Oro, Abárzuza, Allín, Améscoa Baja, Larraona, Arananache, Eulate</p>	21. febrúar 2022“

	eftirfarandi sveitarfélög á landsvæðinu Sangüesa: Oroz-Betelu, Izagaondoa, Lumbier, Urraul Alto, Urraul Bajo, Romanzado, Lónguida, Aoiz, Erro, Arce, Esteribar, Luzaide- Valcarlos, Auritz Burguete, Orreaga-Roncesvalles Comunidad Autónoma del País Vasco Sýslan Guipúzcoa Sýslan Bizkaia/Vizcaya Sýslan Araba/Álava: sveitarfélagið Aramaio	
--	--	--

6) Ákvæðum I. hluta XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Færslan fyrir Danmörk fellur brott.
- b) Í stað færslunnar fyrir Finnland kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Finnland	Allt yfirráðasvæðið, nema hólf strandlengjunnar sem samanstendur af þeim hlutum sveitarfélaganna Föglö, Lumparland, Lemland og Vårdö sem eru innan hrings með 19,331 km radíus, með miðpunkt í WGS84-hnitunum Lat 59,975253701°, Lon 20,454027317°“